

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra
vegna Langhólma í landi Eyvindarholts.

Skipulagsstofnun staðfesti 3. maí 2019 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024 sem samþykkt var í sveitarstjórn 10. janúar 2019.

Í breytingunni felst að 36,2 ha landbúnaðarsvæði í landi Eyvindarholts er breytt í frístundabyggð fyrir allt að 14 frístundahúsalóðir.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 3. maí 2019.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 17. maí 2019